

NORÐURLAND.

Ritstjóri og útgefandi: JÓN STEFÁNSSON.

33. blað.

Akureyri 18. júlí 1916.

XVI. árg.

Vefnaðarvöruverzlun GUDM. EFTERFL.

Nýjar vörur
með hverju skipi,

sem eru valdar af trúnaðarmönnum verzlunarinnar í stærstu verksmiðjum Norðurlandanna.

Stærst úrval. Lægst verð.

★ Sápúbúðin ★

á ODDEYRI.

Munið að þær vörur sem Sápúbúðin verzlur með eru ódýrari þar en jafngóðar vörur í öðrum búðum.

BÆKUR & RITFÖNG

kaupa menn ávalt ódýrast í bókaverzlun
Kr. Guðmundssonar,
Oddeyri.
Útlendar bækur, tímarit og blöð útveguð.
FLJÓT AFGREIÐSLA.

Tóbaksverzlun JOH. RAGUELSSON^{ar},

VINDLAR—Havana—Brazil
—Sumatra—Java og Manilla.
Vindlingar (Cigarillos & Cigaretter).
REYKTÓBAK frá Englandi, Hollandi, Noregi og Danmörku.
VÖNDUÐ VÁRA. SANNGJARNT VERÐ.

Úrsmiðja

Kristjáns Halldórssonar,
Hafnarstræti 35, Akureyri.
Gullstáz, úr, keðjur o. fl.
Aðgerðir á úrum og klukkum leystar
fljótt og vel af hendi.

Bezta **T—E—I—Ð** er frá
Horniman.

Biðjið því kaupmann yðar ætíð um það.
Einkasalar til Íslands:
Carl Sæmundsen & Co.
Reykjavík — Akureyri.

Síldvinnukvittanabækur,
Síldvinnubækur,
Vinnuskýrslur,
Síldskýrslur,
Vinnubækur,
fást í prentsmiðju
Odds Björnssonar.

Københavns Margarinefabrik

framleiðir hið vandaðasta smérlíki sem
unt er að fá, notar aðeins hreint og
óskemt efni, og litar alls ekki margarínið,
en selur það hvítt eins og á-sauðasmér,
svo allir geti fullvissað sig um að engu
misjöfnu sé blandað í það. Margarínið
fæst í 1 og 2 punda skökum, 5 og 10
punda öskjum og stærri dunkum og er
þrátt fyrir gæði sín hið ódýrasta smérlíki
sem flutt er til landsins, enda fer neyzla
þess vaxandi ár frá ári. Areiðanlegir
kaupendur fá laugan gjaldfrest. Pantanir
sendist annaðhvort beint til verksmiðjunnar,
Brelæggerstræde 9 København, eða Jóns
Stefánssonar Akureyri.

LANDSBANKINN

hefir fyrir nokkru sent út sérprentaðan
reikning sinn og útbúanna árið 1915,
ásamt yfirliti yfir vöxt Landsbankans
með útbúum í árslok 1886 til 1915. Enn-
fremur hefir bankinn auglýst ársreikning
sinn 1915 í höfuðblöðunum syðra og hér
nyrðra í „Norðurlandi“. Það er hvortveggja
að hann er þjóðbanki, sem öll þjóðin á
að láta sér ant um að þroskist og dafni
sem allra bezt, enda gerir stjórn bankans
sér einkar ant um að almenningur fái sem
bezta og fullkomnasta vitneskju um allan
hag hans.

Árið 1915 hefir verið sérlega gott ár
fyrir bankann. Hreinn arður af ársrekstri
hans, eða tekjuafgangur, er nálega fjórði
hluti úr miljón króna, eða kr.: 234,530.90.
Þar af er hreinn arður af útbúinu á Akureyri
kr.: 15,603.19 og af útbúinu á Ísafirði kr.:
20,022.50. Af tekjuafganginum er greitt
gjaldið í landssjóð (lög 18/9 1885 og 12/1
1900) kr.: 7500.00 og enn fremur ágóði
landssjóðs af innskotsfé kr.: 10,994.45. Í
byggingsarsjóð er greitt samkv. lögum 21/10
1905 kr.: 7500.00. Einn liður er leiðinlega
hár: rúmar 35 þús. kr., „tap á lánnum og
víxlum“, en ekki sézt af reikningnum, sem
ekki er heldur von, hvort það tap stafar að
miklu eða öllu leyti frá „syndum“ banka-
stjórnarinnar „gömlu“, sem svo var nefnd,
eða þetta tap er á lánnum, sem veitt hafa
verið eftir 1909. Það skiftir og minstu máli.
Hitt er aðalatriðið, að þessi útgjaldaliður
verði ávalt sem lægstur framvegis, en hjá
því verður auðvitað aldrei komist, með
jafnmikilli viðskiftaveltu, að eitt-hvað
tapist.

Efnahagsreikningur útbúsins hér á Akureyri
telur „eignir“ þess upp undir eina miljón
króna, eða kr. 963,279.25. Hæsti liðurinn,
sem til „skulda“ er færður, er innstæðufé
manna í sparissjóði hjá útbúinu kr. 695,531.
Er það lagleg upphæð og ánægjulegt til að
vita, fyrir Norðlendinga sérstaklega, að sá
liður hefir hækkað ár frá ári, að því er
útbússtjórnin, hr. Júlíus Sigurðsson, hefir
sagt. „Nl.“ Þar að auki var innstæðufé í
útbúinu um áramótin, gegn viðtökuskírteinum,
kr. 91,530.53. — Um áramótin var tala
innstæðueigenda í sparissjóði hjá bankanum
samtals 11,814 og þessir menn áttu þar
samtals 5 miljónir, 714 þús. 709 kr. 50
aura í sparissjóði. Sýnir þetta, að bankinn
nýtur fullkomins trausts landsmanna, þeirra,
er fé geta lagt í sparissjóð, eins og sjálfsagt
á að vera um þjóðbanka.

Reikningnum fylgir yfirlit yfir vöxt

Hlutafél. „Völundur“

Íslands fullkomnasta trésmiðaverksmiðja og timburverzlun,
Reykjavík

hefir venjulega fyrirleggjandi miklar birgðir af
sænsku timbri, strikuðum innihurðum af
algengum stærðum og ýmslegum listum.

Smíðar fljótt og vel hurðir og glugga og annað,
er að húsaþyngingum lýtur.

Landsbankans með útbúunum, eins og áður er
getið, fyrir árin 1886 til 1915. Viðskiftin hafa
aukist stórkostlega með hverju ári, að heita
má. Yms lán voru 1886 335,860 kr., 1896
1,133,821 kr., 1906 3,164,252 kr., en í árslok
1915 aðeins 3,120,671 kr. Viðskiftin við
útlönd (aðallega Landmandsbanken í Khöfn)
hafa oltíð á ýmsum endum. Síðan 1910 hefir
Landsbankinn stöðugt átt þar til góða,
nú síðast við áramótin rúmlega 3½ miljón
kr. og virðist fullmikið. Sparissjóðsfé var
352,565 kr. í árslok 1886, 1,065,459 kr. 1896,
2,463,861 kr. 1906 og 6,617,333 kr. í árslok
1916. Varasjóður bankans var 7,706 kr. 1886,
173,359 kr. 1896 535,417 kr. 1906 og 1,058,639
kr. 1915. Ársveltan gefur þó bezt hugmynd
um vöxt og framför bankans. Hún var

árið 1886	837,688 kr.
— 1890	1,850,823 —
— 1895	5,710,000 —
— 1900	11,720,589 —
— 1905	30,177,706 —
— 1910	36,824,377 —
— 1915	104,796,328 —

Þessi skýrsla sýnir að umsetning bankans
hefir nær því þrefaldast síðan núverandi
bankastjóri, Björn Kristjánsson, tók við
yfirstjórn bankans 1909.

Jón Ólafsson skáld og rithöfundur

í Reykjavík andaðist að kvöldi dags 11. þ. m.
að heimili sínu. Hann hafði verið heill heilsu
og unnið að orðabók sinni af kappi síðustu
daga sem hann lifði, en varð svo snögglega
veikur og andaðist. Bana-meinið var heilablóðfall.

Jón Ólafsson lætur eftir sig svo mikið og
margháttað æfistarf, að því verður ekki að
gagni lýst í stuttri blaðgrein, en við fyrsta
tækifæri vill þó „Nl.“ sýna lit á því.

Víflisstaðahælið.

Ragnar Ólafsson konsúll og kona hans hafa
gefið Heilsubælinu á Víflisstaðum fjögur
hundruð krónur.

Um láð og lög.

— Bærinn á Lambanesreykjum í Fljótum
brann snemma í þ. m. og nálega allir búshlutir
bónda og matarbirgðir og fatnaður fólksins þar.
Alt óvátrygt.

— Sigurjón Sumarliðason á Ásláksstöðum,
er verið hefir póstur milli Akureyrar og Stadar
í Hrutafirði, um fjölda ára og rækt það starf
með miklum dagnaði, hefir agt því af sér frá
næstu áramótum vegna heilsuþilunar. Umsóknar-
frestur er til 5. ágúst næstk. og eiga umsækjendur
að gera boð í starfið, er afhendist póstaþgreiðslu-
manninum á Akureyri fyrir þann tíma. Kristján
Jóhannesson austanpóstur á Jódisarstöðum,
verður meðal umsækjenda, að því er mælt er,
og verður þá væntanlega veitt það með sömu
launum og Sigurjón póstur hafði.

— Hjúskapur: Sophus Blöndal verzlunarstjóri
á Siglufirði og ungrú Ólöf Hafliðadóttir hreppstj.
Guðmundssonar á Siglufirði.

— Sænskir útgerðarmenn fjölmenna mjög
til Eyjafjarðar og Siglu-fjarðar í sumar til
síldveiða og munu samtals um 20 sænsk útgerð-
arfélög hafa leigt sér og keypt söltunarstaði.

— Jón Jónsson bóndi á Tungu í Fljótum er
hér staddur og segir snjóþyngslin þar hafa
verið dæmalaus í vor og sumar. Kyr voru t.
d. varla leystar út fyrir en síðast í júní. Fénaðar-
höld urðu góð og lambadaudi ekki meiri en
venjulega.

Lyflavöntun.

Eftir því sem ófriðurinn varir lengur verða
stöðugt meiri örðugleikar á því að tá ýms
meðöl, sérstaklega mörg þau sem notuð eru
við sárast, hitaveiki og þessháttar. Jafnframt
hækka lyfin afskaplega í verði, svo mörg
hundruð prct. nemur á ýmsum þeirra. Heilbrigðis-
stjórnir landanna eru því farnar að láta
takmarka mjög sölu margra lyfja, sem mikill
skortur er að verða á. Heilbrigðisstjórnin
danska hefir t. d. 31. maí s. l. bannað lyfsöl-
um að selja meira en 50 gröm af laxeröllu í
einu og jafnframt lagt ýmsar aðrar skorður
gegn sölu.